

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 96/1982. **Erlendur Egilsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Lögtak. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1982. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang lögtaks eftir kröfu stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir fógetarétti og Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Til vara krefst hún þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá áfrýjanda fyrir vöxtum af vangreiddum lífeyrisgreiðslum til hennar sem hér skal greina: 31% ársvöxtum af 1.250.00 krónum frá 1.-31. maí 1980, 46% ársvöxtum af 3.250.00 krónum frá 1.-30. júní 1980, af 5.250.00 krónum frá 1.-31. júlí 1980, af 7.250.00 krónum frá 1.-31. ágúst 1980, af 9.250.00 krónum frá 1.-30. september 1980, af 11.250.00 krónum frá 1.-31. október 1980, af 13.250.00 krónum frá 1.-30. nóvember 1980, af 15.250.00 krónum frá 1.-31. desember 1980, af 17.250.00 krónum frá 1.-31. janúar 1981, af 19.250.00 krónum frá 1.-28. febrúar 1981, en 42% ársvöxtum af 21.250.00 krónum frá 1. mars til 31. maí 1981, en 39% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1981 til 11. febrúar 1982, eða alls 11.922.98 krónum. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. febrúar 1980 gerðu aðiljar máls þessa, sem höfðu gengið í hjúskap 1971, með sér skilnaðarsámning. Þar sagði m.a.: „Erlendur greiðir Guðbjörgu lífeyri í eitt ár, frá útgáfu leyfisbréfs að telja, kr. 200.000.- á mánuði.“ Lögskilnaðarleyfi var gefið út í dóms- og

kirkjumálaráðuneytinu 7. mars 1980. Þar segir m.a.: „Samkomulag er um að maðurinn greiði konunni lífeyri, kr. 200.000 á mánuði í eitt ár frá útgáfudegi leyfisbréfs þessa að telja.“

Af málf lutningi verður ráðið, að áfrýjandi hafi greitt stefndu lífeyri eftir þessum ákvæðum í upphafi, en þó aðeins 2.750.00 krónur á árinu eftir útgáfu skilnaðarleyfisins. Var þá beiðst lögtaks af hálfu stefndu 26. maí 1981. Í lögtakskröfunni er beiðst lögtaks „fyrir vangreiddum lífeyrisgreiðslum, að fjárhæð kr. 21.250.-, ásamt dráttarvöxtum frá 7. mars 1981 til greiðsludags og öllum kostnaði ...“ Fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi ritaði á lögtakskröfubréfið 4. júní: „Hér með úrskurðast lögtak til tryggingar framangreindri lífeyrisskuld kr. 21.250 auk vaxta og kostnaðar ...“ Málið var síðan tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Á dómþingi 11. febrúar 1982 greiddi lögmaður áfrýjanda 21.250.00 krónur og lýsti því jafnframt yfir, að „hann telji ekki lögtaksrétt fyrir öðrum kröfum í málinu svo sem dráttarvöxtum og kostnaði.“ Hinn 16. febrúar 1982 ritaði lögmaður stefndu nýja lögtaksbeiðni og sendi borgarfógetaembættinu í Reykjavík og lögmanni áfrýjanda. Þar segir m.a.:

„Samkvæmt bréfi, dags. 26. maí 1981, var þess farið á leit, að gert yrði lögtak hjá Erlendi Egilssyni, Nesvegi 52, Reykjavík (áður Hamraborg 16, Kópavogi) fyrir vangreiddum lífeyrisgreiðslum, að fjárhæð kr. 21.250.-, ásamt dráttarvöxtum frá 7. mars 1981, en átti að vera fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 7. maí 1980, er fyrsta mánaðargreiðslan fór í vanskil, þ. e. kr. 1.250.- af greiðslunni fyrir aprílmánuð.

Dráttarvaxtakrafan sundurliðast því þannig:

frá 7. maí 1980	4.5%	af kr. 1.250.-		kr.	56.25
— 7. júní	— 4.75%	af — 3.250.-		—	154.37
— 7. júlí	—	af — 5.250.-		—	243.97
— 7. ág.	—	af — 7.250.-		—	344.37
— 7. sept.	—	af — 9.250.-		—	439.37
— 7. okt.	—	af — 11.250.-		—	534.37
— 7. nóv.	—	af — 13.250.-		—	629.37
— 7. des.	—	af — 15.250.-		—	724.37
— 7. jan. 1981	—	af — 17.250.-		—	819.37
— 7. feb.	—	af — 19.250.-		—	914.37

Samtals kr. 4.860.22

en frá 7.mars 1981 af kr. 21.250.- 4.75% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 7. júní 1981 en 4.5% frá þeim degi til greiðsludags.

Þetta leiðréttist hér með.“

Málið var næst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 24. febrúar 1982. Þar lagði lögmaður stefndu fram hina síðari lögtaksbeiðni, en lögmaður áfrýjanda lagði fram greinargerð. Bókað var m.a.: „Aðilar voru sammála um að leggja málið í úrskurð.“ Hinn áfrýjandi úrskurður var síðan kveðinn upp 9. mars 1982.

Áfrýjandi styður kröfur sínar þeim rökum, að synja beri um lögtak, þar sem lögtaksréttur fylgi ekki vaxtakröfu stefndu, í lögtaksbeiðninni frá 26. maí 1981 hafi ekki verið getið, hvaða vaxta væri krafist og frá hvaða tíma, að í úrskurði fógeta séu vextir ákveðnir frá fyrri tíma en krafist var í lögtaksbeiðninni frá 26. maí 1981 og loks þar sem krafan um vexti hafi verið óljós og vanreifðu frá upphafi og ekki dómtæk. Hafi verið heimildarlaust að bera fram kröfur á ný fyrir fógetarétti enda hafi áfrýjandi þá ekki lengur átt þess kost að taka afstöðu til þeirra í greinargerð.

Stefnda telur, að vaxtakrafan sé náteynd aðalkröfu um lífeyri og því nái lögtaksheimild 1. gr., 6. tl., laga nr. 29/1885 til vaxta, eins og krafist sé. Sé þetta og ljóst af fordæmum frá Hæstarétti. Þá telur stefnda, að vaxtakrafa sú, sem gerð var fyrir dómi 24. febrúar 1982 og áfrýjanda hafði áður verið send í bréfi, uppfylli öll skilyrði til ljósleika og reifunar. Hafi áfrýjandi mátt taka afstöðu til hennar þegar er honum barst bréfið svo og fyrir dómi síðar.

Vaxtakrafa stefndu var ekki glögg í upphafi, en fyrir fógetarétti 24. febrúar 1982 var gerð sundurliðuð krafa. Mátti áfrýjandi þá taka til hennar afstöðu eða beiðast til þess frests, ef þörf var á. Málið var engu að síður lagt í úrskurð. Verður að telja, eins og hér stendur á og þar sem málið varðar innheimtu lífeyriskröfu með aðstoð fógeta, að kröfugerð hafi verið fullnægjandi.

Efnisrök eru ekki til, að aðrar reglur gildi um vexti en höfuðstól kröfu stefndu eftir 1. gr., 6. tl., laga nr. 29/1885, sbr. dóma Hæstaréttar 1948, bls. 230, 1955, bls. 501, 1975, bls. 955, og 1981, bls. 1477. Ber því að heimila lögtak til tryggingar vöxtum af kröfu stefndu.

Í skilnaðarsamningi og lögskilnaðarleyfi var mælt fyrir um mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá 7. mars 1980 í eitt ár. Verður að

byggja á því, að gjalddagar þessara greiðslna hafi verið 7. dag hvers mánaðar, í fyrsta skipti 7. apríl 1980.

Ekki eru efni til að fallast á aðalkröfu stefndu um mánaðarvexti, en fallast ber á, að hún eigi rétt á almennum dráttarvöxtum.

Samkvæmt framansögðu ber að heimila lögtak, svo sem greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Lögtak skal fram fara eftir kröfu stefndu, Guðbjargar Bjarnar Guðmundsdóttur, hjá áfrýjanda, Erlendi Egilssyni, fyrir 31% ársvöxtum af 1.250.00 krónum frá 7. maí til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 7. júní, 46% ársvöxtum af 3.250.00 krónum frá þeim degi til 7. júlí, af 5.250.00 krónum frá þeim degi til 7. ágúst, af 7.250.00 krónum frá þeim degi til 7. september, af 9.250.00 krónum frá þeim degi til 7. október, af 11.250.00 krónum frá þeim degi til 7. nóvember, af 13.250.00 krónum frá þeim degi til 7. desember 1980, af 15.250.00 krónum frá þeim degi til 7. janúar 1981, af 17.250.00 krónum frá þeim degi til 7. febrúar, af 19.250.00 krónum frá þeim degi til 1. mars, 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 7. mars, og af 21.250.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. febrúar 1982.

Áfrýjandi greiði stefndu 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Telja verður, að lögtaksréttur sá, sem fylgdi lífeyriskröfu stefndu samkvæmt 6. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885, hafi einnig tekið til dráttarvaxta af þeim lífeyrisgreiðslum, sem í vanskilum voru, er lögtaks

var krafist. Í skilnaðarskilmálum aðilja og lögskilnaðarleyfi var ekki sérstaklega kveðið á um gjalddaga lífeyrisgreiðslna áfrýjanda til stefndu. Sjálf krafðist hún í lögtaksbeiðni, að lögtak yrði gert fyrir vangoldnum lífeyrisgreiðslum, alls að fjárhæð 21.250.00 krónur, ásamt dráttarvöxtum af fjárhæðinni frá lokadegi þess tímabils, sem hún átti að njóta lífeyris úr hendi áfrýjanda, þ.e. 7. mars 1981, til greiðsludags. Áfrýjandi hefur ekki sérstaklega andmælt, að allar lífeyrisgreiðslurnar hafi þá verið í gjalddaga komnar. Verður lögtak því heimilað fyrir þeim dráttarvöxtum, er stefnda krafðist í lögtaksbeiðni. Hins vegar tel ég, að ekki beri að taka til greina kröfu þá, sem stefnda gerði um lögtak fyrir dráttarvöxtum af lífeyrisiskuldinni vegna fyrri tíma, eftir að skuldin var að fullu greidd í fógetaréttin- um 11. febrúar 1982.

Dráttarvaxtakrafa stefndu í lögtaksbeiðni var ekki skýrt orðuð. Þó þykir mega taka hana til greina þannig, að miðað verði við dráttarvexti, eins og þeir voru á hverjum tíma samkvæmt III. tl. b) í auglýsingu Seðlabanka Íslands 9. febrúar 1981, sbr. I. tl. c) í auglýsingu 26. febrúar 1981, svo og í III. tl. b) í auglýsingu Seðla- bankans 29. maí 1981.

Samkvæmt framansögðu á hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga fyrir dráttarvöxtum af 21.250.00 krónum, er séu 42% árs- vextir frá 7. mars 1981 til 1. júní 1981, en 37% ársvextir frá þeim degi til 11. febrúar 1982.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að skýra beri ákvæði 1. mgr. 1. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 þröngt, enda segir í 2. mgr. sömu lagagreinar, að „aðrar kröfur en nú voru taldar má eigi lögtaki taka.“ Í yfirvaldsúrskurði þeim eða staðfestingu skilnaðarskilmála, sem lögtakskrafa er byggð á, er ekki getið um vexti. Ég tel, að í málum þeim, sem meiri hluti dóm- ara vísar til, hafi ekki verið fjallað um vexti sérstaklega, utan eins máls (1955-501), þar sem um er að ræða vanskil tollgjalds, sem dæmt er í héraði eftir eðli máls, og var sá dómur staðfestur af Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu tel ég dráttarvaxtakröfuna ekki hafa lögtaksrétt og beri því að synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum málsúrslitum tel ég, að dæma eigi stefndu til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.000.00 krónur.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 9. mars 1982.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga fyrir dráttarvöxtum að fjárhæð kr. 4.860.22 auk 4.75% mánaðarvaxta frá 7. mars 1981 af kr. 21.250.00 til 7. júní 1981, en með 4.5% mánaðarv. frá þ.d. af sömu fjárhæð til 11. febrúar 1982.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 217/1982. **Erlendur Egilsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Hjón. Skilnaðarsamningur. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.